

Mánudaginn 20. marz 1940.

Kærumálið nr. 5/1944. **Vinnuveitendafélag Akureyrar og
Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar**
gegn
Bergþóri Baldvinssyni.

Vísun frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður bæjarfógeti Eggerz hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 21. febr. þ. á., sem hingað barst 6. þ. m., hafa sóknaraðiljar kært til hæstaréttar úrskurð bæjarþings Akureyrar, upp kveðinn 21. febr. s. l., þar sem hrundið var kröfu þeirra, að vísað yrði frá héraðsdómi málinu: Bergþór Baldvinsson gegn Vinnuveitendafélagi Akureyrar og Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, og málinu vísað frá héraðsdómi.

Frá varnaraðilja hafa ekki borizt kröfur né greinargerð.

Varnaraðili hefur höfðað mál þetta í héraði gegn sóknaraðiljum. Hefur hann þar gert þær kröfur, að ónýtt verði, að því er hann varðar, það ákvæði í kjarasamningi sóknaraðilja frá 2. jan. 1943, að „meðlimir Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og annarra stéttarfélaga í bænum, sem eru meðlimir Alþýðusambands Íslands, og aðrir þeir, sem stjórn Verkamannafélagsins veitir vinnuréttindi, sitji fyrir þeirri verkamannavinnu, sem framkvæmd er.“ Sóknaraðiljar kröfðust í héraði frávisunar málsins, sökum þess að það ætti að dæmast af félagsdómi.

Samkvæmt 2. tölulið 44. gr. laga nr. 80/1938 skal félagsdómur dæma mál um gildi vinnusamninga. Bar mál þetta því undir félagsdóm, og verður að vísa því frá héraðsdómi.

Þar sem hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur (sic) bæjarþings Akureyrar 21. febr. 1944.

Stefnandinn í máli þessu, Bergþór Baldvinsson verkamaður Akureyri, gerir þá kröfu, að stjórnir Vinnuveitendafélags Akureyrar, Sverrir Ragnars formaður Þingvallastræti, Jakob Karlsson Lundi, Jón E. Sigurðsson Hafnarstræti 94 og Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, Marteinn Sigurðsson formaður Oddeyrargötu 38, Jóhannes Jósefsson Aðalstræti 18, Björn Einarsson Hafnarstræti 53, Þórður Valdimarsson Eiðsvallagötu 20 og Sigurður Baldvinsson Naustum, allir á Akureyri, verði dæmdir til að fella niður úr samningi, er þeir hafa gert sín á milli fyrir hönd félaga sinna 2. júní 1943, 9. gr. samningsins, ákvæðið um „að meðlimir verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og annarra stéttarfélaga í bænum, sem eru meðlimir Alþýðusambandsins á Íslandi, og aðrir þeir, er stjórn verkamannafélagsins veitir vinnuréttindi, sitja fyrir þeirri verkamannavinnu, sem framkvæmd er“, hvað mig (svo) snertir. Segir hann, að samningum þessum hafi verið komið fram með hótunum og ofbeldi, og virðist líta svo á, að ef hin tilfærðu orð séu eigi numin burt úr samningunum, sé hann ógildur vegna þess, að hann sé í bága við sérstaklega 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Krefst umboðsmaður hins stefnda verkamannafélags, að máli þessu sé vísað frá bæjarþinginu, þar sem það heyrir undir félagsdóm. Þessu mótmælir umboðsmaður stefnanda.

Í 44. gr. 2. lið laga 80 1938 segir, að félagsdómur eigi að dæma um ágreining um skilning á vinnusamningum og gildi þeirra. Hér er að visu um það að ræða, hvort samningurinn gildi eða eigi, en í því tilfelli, sem hér er um að ræða, virðist það eigi vera komið undir atriðum, sem gerir kröfu til sérþekkingar dómstólanna, hvort telja beri samninginn gildan eða eigi, en hér er um það að ræða, hvort stjórnarskrá landsins er brotin með samningnum á þann hátt, að hann geti eigi staðizt vegna hennar, en einmitt þetta atriði virðist eigi rétt að leggja undir sérdóminn, og verður því frávisunarkrafa umboðsmanns Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar eigi tekin til greina. Af þessu leiðir, að krafa umboðsmanns greinds stefnds um málskostnað, er hann gerði undir munnlega málflutningnum, verður eigi tekin til greina, en stefnandinn hefur eigi gert neina sérstaka málskostnaðarkröfu undir frávisunarmálinu.

Því dæmist rétt vera:

Frávisunarkrafan verður eigi tekin til greina.